



**ORKUSTOFNUN**

**RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri**

## **Hellisheiði, hola HE-4**

**2. áfangi: Borun fyrir 9<sup>5</sup>/<sub>8</sub>" vinnslufóðringu  
frá 305 m í 789 m dýpi**



**Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason,  
Bjarni Guðmundsson, Bjarni Richter,  
Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson,  
Ómar Sigurðsson, Peter E. Danielsen,  
Sigvaldi Thordarson**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**2001**

**OS-2001/065**



**Ásgrímur Guðmundsson**  
**Bjarni Gautason**  
**Bjarni Guðmundsson**  
**Bjarni Richter**  
**Guðlaugur Hermannsson**  
**Hjalti Franzson**  
**Ómar Sigurðsson**  
**Peter Eric Danielsen**  
**Sigvaldi Thordarson**

## **HELLISHEIÐI, HOLA HE-4**

**2. áfangi: Borun fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu  
frá 305 m í 789 m dýpi**

**Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur**

**OS-2001/065**

**Nóvember 2001**


ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími 569 6000 – Fax 568 8896

Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð, 600 Ak.

Sími 463 0957 – Fax 463 0999

Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) – Veffang: <http://www.os.is>

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2001/065	<b>Dags.:</b> Nónember 2001	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> HELLISHEIÐI, HOLA HE-4 2. áfangi: Borun fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu frá 305 m í 789 m dýpi	<b>Upplag:</b> 45	<b>Fjöldi síðna:</b>
	<b>Höfundar:</b> Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Gautason, Bjarni Guðmundsson, Bjarni Richter, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson, Ómar Sigurðsson, Peter Eric Danielsen, Sigvaldi Thordarson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Rannsókn háhitasvæðis, 2. áfangi borverks	<b>Verkefnisstjóri:</b> Benedikt Steingrímsson	
<b>Unnið fyrir:</b> Orkuveitu Reykjavíkur		<b>Verknúmer:</b> 8-630024
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Lýst er borun annars áfanga rannsóknarholu HE-4 á Hellisheiði og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Verkið er unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Holan sem var boruð með Jötni er í dalverpi austan undir Reykjafelli. Í þessum áfanga var borað með 12 1/4" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu niður í 789 m dýpi. Holan var samkvæmt áætlun sveigð u.þ.b. 208° til suðvesturs með um 35° halla. Borun áfangans hófst 8. september á 19. verkdegi og lauk 25. sept. á 36. verkdegi. Safnað var sýnum af borsvarfi samkvæmt venju og jarðlög og ummyndun greind eftir þeim samhliða borun. Hefðbundnar borholumælingar voru gerðar, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum, steypugæðum, halla og stefnu. Ummyndað túff og basaltbreksía eru ráðandi berggerðir. Borað var með leðju, en í 497 m dýpi opnaðist æð inn í holuna eftir skolun og vísbending er um æð í 570-580 m. Epidót á 780 m dýpi gefur til kynna 250°C hita. Borverkið er unnið af Jarðborunum hf. en rannsóknarhlutann annast Rannsóknasvið Orkustofnunar.		
<b>Lykilorð:</b> Háhitasvæði, borhola, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar, borholumælingar, Hellisheiði	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
	<b>Yfirfarið af:</b> BS, ÁsG, PI	



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR .....	4
2. BORSAGA .....	7
3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	22
3.1. Jarðlög og ummyndun .....	22
3.2. Vatnsæðar og hiti .....	23
4. BORHOLUMÆLINGAR.....	26
5. HEIMILDIR.....	32
6. VIÐAUKAR .....	33
Viðauki 1: Dagskýrslur úr öðrum áfanga borunar holu HE-3. ....	34
Viðauki 2: Uppbygging borstrengs.....	53
Viðauki 3: Aflestur mælinga (surveys) úr MWD tæki. ....	57

## TÖFLUR

Tafla 1. Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu. ....	12
Tafla 2. Gýróhallamælingar með SRO í 2. áfanga. ....	13
Tafla 3. Fóðrun með 9 5/8" fóðringu og steyping (fóðrunarskýrsla JB). ....	18
Tafla 4. G-2 halla- og stefnumælingar innan fóðringar. ....	20
Tafla 5. Yfirlit um borholumælingar. ....	27

## MYNDIR

Mynd 1. Staðsetning holna HE-3 og HE-4 á Hellisheiði. ....	5
Mynd 2. Hönnunarteikning af holum HE-3 og HE-4. ....	6
Mynd 3. Framvinda borverks. ....	7
Mynd 4. Hóla fer í gos 11. september. ....	8
Mynd 5. Breyting í þrýstingi á holutopp sem fall af tíma þann 11. september. ....	9
Mynd 6. Hitamælingar 12. og 13. september. ....	9
Mynd 7. Hitamælingar úr MWD-tæki bornar saman við hita á skolvökva niður holu. ....	10
Mynd 8. Hitamælingar eftir 2. steypingu. ....	11
Mynd 9. Hitamælt eftir upptekt borstrengs. ....	14
Mynd 10. Yfirlit yfir steypingu vinnslufóðringar. ....	16
Mynd 11. Uppbygging halla HE-4 innan vinnslufóðringar. ....	17

Mynd 12. <i>Stefna holu HE-4 innan vinnslufóðringar.</i> .....	17
Mynd 13. <i>Jarðlög, borhraði og mælingar á skoli í borun.</i> .....	24
Mynd 14. <i>Jarðlög og jarðlagamælingar.</i> .....	25
Mynd 15. <i>Jarðlagamælingar (viðnám er sýnt með línulegum skala).</i> .....	28
Mynd 16. <i>Hitamælingar í tengslum við CBL-mælingar.</i> .....	30
Mynd 17. <i>CBL-mælingar eftir steypingu vinnslufóðringar.</i> .....	31

## 1. INNGANGUR

Borhola HE-4 er önnur tveggja rannsóknarholna sem Orkuveita Reykjavíkur lét bora sunnan Stóra-Skarðsmýrarfjalls á Hellisheiði sumarið og haustið 2001. HE-4 er staðsett austan undir Stóra-Reykjafelli (mynd 1), en sú fyrri, sem nefnist HE-3, er við rætur Stóra-Skarðsmýrarfjalls (einnig sýnd á mynd 1). Þessar boranir eru þáttur í rannsóknum Orkuveitunnar á jarðhitasvæðinu sem kennt er við Hengil. Megintilgangur verksins var að afla upplýsinga um skipan jarðlaga og eðliseiginleika þeirra ásamt upplýsingum um vinnslueiginleika jarðhitavökva á svæðinu. Hnit HE-4 eru:

X=383491,82

Y=393716,71

Z=404 m y.s.


Staðarnúmer holunnar í gagnagrunni Orkustofnunar er 95104. Hönnun hennar er í aðalatriðum sú sama og holu HE-3 (mynd 2). Borstaðurinn er í litlum dal undir austanverðu Reykjafelli um 1 km norðaustur af Skíðaskálanum í Hveradölum. Holunni var ætlað að afla upplýsinga um jarðhitann undir Stóra-Reykjafelli og í Hveradölum. Boráætlun gerði ráð fyrir skáborun holunnar til suðvesturs neðan við öryggisfóðringu á 300 m dýpi.

Jarðboranir hf hófu borverk við holu HE-4 í júlí 2001, en jarðborinn Azi forboraði holuna í 71,6 m dýpi (m.v. jörð) og steypiti 18 <sup>5</sup>/<sub>8</sub>” yfirborðsfóðringu niður á 69,2 m dýpi. Jarðborinn Jötunn var síðan fluttur á borstað 21. ágúst og lauk uppsetningu borsins 31. júlí. Borverki Jötuns við holu HE-4 var skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga var borað í 305 m dýpi og sett niður 13 <sup>3</sup>/<sub>8</sub>” öryggisfóðring og steypit. Um þann boráfanga og rannsóknir í tengslum við borunina hefur þegar verið fjallað í áfangaskýrslu (Sigurður Sveinn Jónsson o.fl., 2001).

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir borun 2. áfanga HE-4. Áætlun gerði ráð fyrir borun með 12 <sup>1</sup>/<sub>4</sub>” borkrónu frá enda öryggisfóðringar niður í um 800 m dýpi og steypingu 9 <sup>5</sup>/<sub>8</sub>” vinnslufóðringar. Gert var ráð fyrir að beita skáborun frá upphafi áfangans og byggja upp 35° halla áður en komið væri í fóðringardýpi. Stefna holunnar var ákveðin í suðvestur (208° +/-7°). Gerð er grein fyrir gangi borverksins og niðurstöðum gýróhallamælinga. Síðan er gefið yfirlit yfir jarðfræði, ummyndun og vatnsæðar svæðisins er holan liggur um. Að lokum er fjallað um borholumælingar sem gerðar voru í áfanganum. Í viðaukum er sýnd uppbygging borstrengs, MWD-mælingar og afrit af þeim dagskýrslum, sem sendar voru út meðan á áfanganum stóð.


Allar dýptartölur í skýrslunni eru miðaðar við drifborð Jötuns, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Fjarlægð frá kjallarabrún að efri brún drifborðs er 6,86 m.


Borverkið við holu HE-4 var unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarþátturinn var unninn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningi við Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. júlí 2001. Forsendum fyrir staðsetningu og hönnun holunnar er lýst í greinargerð Orkustofnunar frá 15. júní 2001 (Benedikt Steingrímsson o.fl., 2001).



Mynd 1. Staðsetning holna HE-3 og HE-4 á HELLISHEIÐI.






	<b>ORKUSTOFNUN</b> Grensásvegi 9 IS-108 Reykjavík Sími 5896000		Orkuveita Reykjavíkur Rannsóknarholur á Hellisheið HE-3 og HE-4	
	Mkv:	Hannað: SP/SOK/IRC	Daga: 15.08.2001	Teikning nr: OVR_HE-3_og_HE-4_2.dwg

Mynd 2. Hönnunarteikning af holum HE-3 og HE-4.

## 2. BORSAGA

Vinna við annan áfanga holu HE-4 hófst 8. september á 19. verkdegi en suða og frágangur flansins markar upphaf áfangans. Helstu atriði varðandi borun 2. áfanga eru sýnd á mynd 3. Í töflu 1 er yfirlit um borunina, bortíma og meðalborhraða fyrir hvern verkdag sem borað var. Yfirlit um gýrómælingar er birt í töflum 2 og 4 en fylgst var með halla og stefnu holunnar með tvennu móti, þ.e. með segulhallamæli í mælikolla (MWD) tæpum 20 metrum ofan við krónu og síðan með sambyggðum gýró- og hallamæli (SRO) sem slakað var niður í holuna inni í borstöngum. Aflestur úr MWD-mælikolla er í viðauka 3.

Unnið var að uppsetningu örrygisloka fram undir morgun þann 9. september. Vandkvæði með vatnsöflun komu upp eftir að byrjað var að setja niður borstreng og tafði það framgang verksins fram eftir degi. Byrjað var að bora steypu um kl. 21 í 279 m, síðan stungustykki og skó. Komið var í berg rétt fyrir miðnætti.




Mynd 3. Framvinda borverks.

Borað var með hjálp MWD meðan verið var að beygja og byggja upp halla. Boruðust stangirnar hratt í fremur mjúkum jarðlögum (mynd 3). Gýrómæling var gerð (SRO) upp úr miðnætti, sem sýndi að stefna byggðist upp samkvæmt áætlun (tafla 2).

Upp úr klukkan eitt aðfaranótt 11. september varð algjört skoltap (>50 l/s) á 496 metra dýpi. Stöngin var boruð niður og vonast til að holan þéttist við það. Blönduð var leðja úr 110 pokum til viðbótar auk þess sem bætt var í 19 pokum af míkaflogum. En allt kom fyrir ekki. Því var ákveðið að taka krónu upp í fóðringu og kæla holuna í gegnum strenginn með vatni þar til meira gel (bentónít) kæmi úr bænum og hægt væri að taka ákvörðun um framhaldið. Brotnar voru út 4 stangir og teknir upp 6 standar, eða um 220 metrar. Bar þá við að holan hætti að leka um kl. 4:30 og mældist nánast ekkert skoltap, eða innan við 1,5 l/s. Ekki var alveg ljóst hvað olli þessari breytingu.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Eftir vaktaskipti að morgni 11. september var byrjað að setja niður til áframhaldandi borunar. Skömmu fyrir kl. 10 þegar fjórir standar höfðu verið settir niður og krónan komin í 393 m dýpi, rauk holan í gos. Upp kom borleðja, en eins og áður hefur komið fram bá var búíð að dæla allri leðju úr holunni ofan 220 m. Bormenn voru fljótir til og lokuðu að með gosvara á sömu mínútu og fór að renna. Einn þáttur í gagnasöfnunarkerfi Jötuns er skráning á hita frárennslis. Leðjuhitinn lýsir vel aðdraganda og gangi leðjugossins. Þar sést vel að um klukkustund leið frá fyrstu hitasveiflu þar til holan fór í gos (mynd 4). Hiti leðjunnar var kominn í upp 70°C þegar lokað var að og stóð gosið þá nokkra metra upp úr svarfkassanum við enda frárennslis. Dælt var á holu allt upp í 40 l/s fram eftir degi á meðan næstu skref voru undirbúin.

HE-4 - Leðjugos 11. september




Mynd 4. Hóla fer í gos 11. september.

Um kl. 17 var dæling stöðvuð en ljóst var að yfirþrýsingur væri á holunni. Af gögnunum (mynd 5) mátti ráða að yfirþrýsingur var um eða yfir 1 bar við holutopp, en nokkuð vantar á að holutoppsþrýsingur sé kominn í jafnvægi á myndinni. Fyrst var mældur þrýsingur á bordælum en kvörðun á þeim mæli var ekki alveg nægilega trúverðug. Því var settur mælir á kæfingastút og fylgst með þrýstibreytingum í eina og hálfu klukkustund eftir að dæling hafði verið tekin af. Í ljósi þessa var ákveðið að blanda leðju sem svarar til um 100 holumetra að rúmmáli og dæla niður um kæfingarstút. Strax á eftir var dælt blöndu af þungri leðju (blandaðri baríti) með eðlisþyngd 1,2-1,3 g/cm<sup>3</sup>




sem að rúmtaki svaraði til um 200 holumetra. Þessum aðgerðum lauk aðfaranótt 12. september og þagði holan þunnu hljóði á eftir.



**Mynd 5.** Breyting í þrýstingi á holutopp sem fall af tíma þann 11. september.


Árla morguns 12. september var strengurinn tekinn upp og athugaður, reyndist hann í góðu lagi. Byrjað var að setja niður stangir til steypingar á vaktaskiptum kl. 8:00 og var hafður einstreymisloki um 1m frá enda. Dælt var 15 l/s í gegnum streng við 4-5 bar þrýsting. Þannig gekk það alla leið niður að botni, sem fannst um hádegisbil á 501,5 m. Kælt var í gegnum streng niður við botn í tvo tíma með lokað að stöngum og svo var holan hitamæld. Niðurstöður eru sýndar á mynd 6. Óveruleg hitnun er niður í um 370 m og þaðan er jafnstígandi niður í 470 m, en þar neðan við kólnar niður að 500 m dýpi. Upphitunarhraði var metinn 18-20°C/klst. á 470 m dýpi.



**Mynd 6.** Hitamælingar 12. og 13. september.



Hitagögn frá MWD-tæki skáborara voru skoðuð og borin saman við hita á skolvökva niður þegar borun stóð yfir (mynd 7). Ákveðin breyting kemur fram neðan 440-450 m dýpis sem getur bent til aukinnar lektar.



**Mynd 7.** Hitamælingar úr MWD-tæki bornar saman við hita á skolvökva niður holu.


Steyping var undirbúin á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Þar sem möguleiki var á að smáæðar væru neðan 440 m niður að botni var ákveðið að hafa stangarenda þar ofan við. Stangir voru settar niður á 437 m dýpi og kælt til að byrja með og síðan steyppt úr rúmum 10 tonnum af sementi og var áætlað að alls hafi 10 m<sup>3</sup> af sementsedju (gæðasement með tafefni) farið niður. Lokað var á holutoppi meðan á aðgerð stóð. Eftirdæling var 6000 l sem nægði til að reka eðjuna út úr stöngum og niður á rúmlega 460 m dýpi. Eðlisþyngd sementsedjuna var um 1,7 g/cm<sup>3</sup>. Eftir steypingu voru teknir upp 5 standar í mastur, þannig að stangarendi var kominn upp í fóðringu.

Um kl. 22:30 voru settir niður standar á 436 metra dýpi til að hitamæla. Hitamæling var gerð um miðnætti og upphitunarmæling á 430 metrum. Fylgdi sú hitamæling alveg sama ferli og sú fyrri nema að hún sýndi 63°C á 430 m (mynd 6). Upphitunarmæling sýndi að holan hitnaði um 2,4°C/klst. Bendir það til að ekki sé neinn samgangur við heitari hluta holunnar í gegnum steypuna. Næst var holan skoluð og þar á eftir þrýstiprófuð. Hún byggði ekki upp neinn þrýsting þegar hún stóð og hélt 4 bar þrýstingi er dælt var á hana.

Klukkan 7 að morgni 13. september fannst steypa á 454 metra dýpi og var þá byrjað að pota í hana. Borað var í steypu til að byrja með en krónan var greinilega komin út úr holunni á rúmlega 470 m dýpi, en þá komu upp bergsýni en lítið sem ekkert af steypu. Þegar búið var að bora niður á 503 m dýpi byrjaði að renna upp úr holunni og var áætlað magn rúmlega 5 l/s. Það var nokkuð afgerandi breyting og ef einhver hefur verið í vafa þar um, þá var þetta staðfesting á því að lekinn var þar sem skoltapið kom um daginn á 496-497 m dýpi. Ákveðið var að bora eina stöng til viðbótar niður á 513 m dýpi í þeim tilgangi að komast niður fyrir lekasvæðið.

Vegna rennslis upp tók nokkuð langan tíma að taka strenginn upp úr holunni. Brugðið var á það ráð að blanda aftur þunga leðju eins og var gert á undan fyrri steypingunni og var henni dælt niður um kæfingarstútinn, en á undan var settur leðjugrautur. Þessu var lokið þá um kvöldið og eftir það var borstrengur tekinn upp og settar niður stangir til steypingar. Þrýstingur á holutoppi virðist svipaður og fyrir síðustu steypingu eða jafnvel lægri, líklega um 1 bar.

Steyping hófst kl. 11:05 föstudaginn 14. september og var stangarendi á 484 m dýpi. Fyrirkomulagið var eins og í fyrri steypingunni nema hvað stangarendi fór dýpra niður. Alls fóru 10 m<sup>3</sup> niður af sementsedju með eðlisþyngd 1,62 g/cm<sup>3</sup> og var blandað við hana mikaflögum úr 23 pokum. Eftirdæling var 4300 l, sem dugði til þess að hreinsa steypuedju úr stöngum. Aðgerðin tók alls 14 mínútur. Strax að lokinni steypingu voru stangir teknar upp. Beðið var fram eftir degi eftir að steypan harðnaði. Komist var að samkomulagi um að bora steypuna með mjúkum streng, þ.e. með krónustýringu. Byrjað var að setja niður einnar stýringar BHA upp úr kl. 16. Álagsstangir voru komnar niður um kl 18 og síðan voru settir niður 6 og 2/3 standar og 7 stangir brotnar út. Steypuhröngl kom upp við skolun í 480 m. Einni borstöng var bætt við en ekki varð vart við neina verulega aukningu í álagi á krónu. Stoppað var í 483 m um kl. 21:30 og ákveðið að bíða í 2 klst. Eftir það var haldið áfram að bora út steypuna, sem enn var lín og hálfhörðnuð. Skolað var eftir hverja stöng og athugað hvort eitthvað innstreymi væri í holuna. Það reyndist vera sáralítið eða áætlað <0,2 l/s, sem þýddi að steyping hafði náð tilætluðum árangri. Botn holunnar var í 513 m og voru boraðar tæpar tvær stangir í viðbót eða niður í 529 m dýpi, til að ganga úr skugga um að búið væri að bora í gegnum lekasvæðið. Engin breyting var sjáanleg. Hringdælt var í lok borunar í um eina klukkustund, og síðan tekið til við upptekt borstrengs.



Mynd 8. Hitamælingar eftir 2. steypingu.

Þegar borstrengur var kominn upp úr holu var mælingamaður mættur til leiks. Hitamælt var niður holuna, beðið nærri botni og upphitun mæld í um 20 mínútur, og síðan mælt upp. Mælingum lauk nú klukkan 6:30 í morgunsárið. Eru niðurstöður mælinganna sýndar á mynd 8, ásamt mælingum frá 12. september.

Ummerki æða á 470-510 m dýpi sjást í mælingunum, en ekki er greinilegt hvort um sé að ræða nokkurt streymi frá þeim inn í holuna, líklega er hér um heitara berg að ræða kringum æðarnar sem steyp var í. Hiti hækkar hratt með dýpi neðan við æðarnar (~510 m) enda er sá hluti lítt kældur. Upphitun á 525 m dýpi reyndist vera nálægt 6°C/klst, og virtist vera svipuð í neðstu 100 m, en hægari þar fyrir ofan.

Á vaktaskiptum laugardagsmorguninn 15. september var unnið að niðurstöðu borstrengs. Strengurinn var í öllum aðalatriðum sambærilegur við þann sem notaður hafði verið fram til þessa í borun 2. áfanga (viðauki 2). Annar bormótor var settur niður og því var tengistykki neðan við mótor tekið út, einnig var skipt um tengistykki ofan við mótor. Af þessu leiðir að BHA (Bottom Hole Assembly) var 83 cm styttri en áður. Laust fyrir kl. 16 var krónan komin í botn á 529 m dýpi. Holan var þá kæld og svo hafist handa við að blanda upp gel. Borun í berg hófst laust fyrir kl. 18. Fyrst var ein stöng kláruð (um 2 m voru eftir) með snúningi, síðan voru tvær stangir boraðar án snúningsstrengs (“slædaðar”).

Milli klukkan 02:45 og 03:25 aðfaranótt sunnudagsins var holan halla og stefnumæld með SRO-mæli á 543 m dýpi, en þá var bordýpi um 580 m. Niðurstöður gýrósmælinganna (tafla 2) voru þær að hallinn var kominn í 17,03° og stefnan 213,7°, sem þýddi að stefnan var innan vikmarka áætlunarinnar, en hallinn eitthvað minni en áætlun gerði ráð fyrir (um 20°).

**Tafla 1.** Gangur borunar með 12 ¼" krónu fyrir 9 5/8" vinnslufóðringu.

Borkróna 12 ¼"	Dagur	Borun (m)	Bortími (klst.)	Meðalborhr. (m/klst.)	Tími á borkrónu (klst.)	Dýpi (m)
EHP51	10. sept	178	7,0	25,4	7,0	483
EHP51	11. sept	20	0,5	40,0	7,5	503
EHP51	13. sept	10	0,5	20,0	8,0	513
EHP51	14. sept	6	0,5	12,0	8,5	519
EHP51	15. sept	41	2,5	16,4	11,0	560
EHP51	16. sept	136	13,0	2,8	24,0	696
EHP51	17. sept	57	5,5	10,4	29,5	753
EHP51	18. sept	36	5,5	6,5	35,0	789
<b>Samtals</b>		<b>484</b>	<b>35,0</b>		<b>35,0</b>	

Mælt var um 6 l/s skoltap á milli 575-590 m dýpis, og voru settir nokkrir pokar af míkafögum til þéttingar. Fimm tímum síðar og 30 m neðar var skoltap mælt aftur eða kl. 10:30 og reyndist vera 3 l/s. Settir voru til viðbótar tveir pokar af míkafögum til að þétta lekann og bar það árangur. Um hádegi var stutt hlé meðan skipt var um ventil á dælu 2. Skoltap var mælt samkvæmt ritúalinu kl 14:30 og var þá 1 l/s. Haldið var áfram að bæta við míkafögum til þéttingar.

Þegar dýpi holunnar var 676 m þann 16. september var gýrósmælt, mældýpið var á 639 m (tafla 2). Mælingin staðfesti að vel hafði gengið að byggja upp halla en sýndi líka að holan hafði sveigt til suðurs frá síðustu mælingu.



**Tafla 2. Gýróhallamælingar með SRO í 2. áfanga.**

Dagsetning	Tími	Dýpi (m)	Halli (°)	Stefna holu (Azimuth)
10.9.01	03:05-03:30	273	2,05°	331,8°
10.9.01	15:00-15:30	360	5,12°	228,4°
10.9.01	23:40-00:05	447	10,10°	204,3°
16.9.01	02:45-03:25	543	17,03°	213,7°
16.9.01	17:00-18:00	639	28,68°	201,8°

Vel gekk að bora holuna niður í um 680 m dýpi en þá fór að harðna á dalnum, og datt borhraðinn niður í um 2 m/klst þrátt fyrir að álag væri 25-30 þús. pund og að farið var með snúning upp í 80 sn/mín. Er farið var að rýna í svarfsýnin kom í ljós að bergið var linkennt túff. Dæluþrýstingur var einnig óvenju hár eða um 1400 psi. Líklegasta skýringin var talin vera leðjukögglar á krónu og stýringum. Strengur var tekinn upp og reyndist sá grunur á rökum reistur. Seigt leðjulag lá utaná rýmum og vart sá í krónuna. Leðja var hreinsuð af með skóflum og járnköllum, og síðustu leðjukornum spúlað af með háþrýstipvotti.

Þegar borstrengur var kominn upp úr holu var slakað niður hitamæli til að kanna ástand holunnar fyrir niðursetningu borstrengs. Mælt var niður, tekin upphitun í 690 m, og síðan mælt upp (mynd 9). Mælingin upp reyndist lítt ábyggileg þar sem leðja settist á mælinn og brást hann því seint og illa við hitabreytingum. Upphitunarhraðinn reyndist vera um 12°C/klst í 690 m, og í um 520 m var hann gróflega áætlaður um 3,5°C/klst, og minni þar fyrir ofan.

Þeirri hugmynd skaut upp kollinum snemma í þessu borverki að fara dýpra með vinnslufóðringuna en lagt var upp með í öðrum áfanga. Með því var líklegt að hægt væri að halda snúningsvægi (torki) innan viðráðanlegra marka lengur og auka þar með líkurnar á ná 2 km dýpi. Kostirnir voru vegnir og metnir og eftir yfirlegu og vangaveltur var afráðið að halda sig við upphaflega áætlun.


Strengur var settur niður í holuna og borun í berg hófst aftur um kl. 14 þriðjudaginn 17. september. Borun gekk vel niður í 775 m dýpi, en þá dró umtalsvert úr borhraða og fór smám saman niður í um 2 m/klst. Talið var að það sama væri að gerast og áður, það að leðjukögglar lægju á krónu og stýringum, og að krónan “spólaði” í linu túffinu. Þegar komið var í um 784 m dýpi tók borhraðinn góðan kipp og var það túlkað sem að komið væri í hart berg. Borað var í 789 m og samkvæmt svarfi var borað úr túffi í fínkorna hart og fersklegt basaltinnskot. Þar með var komið í gott berg til að geyma fóðringarendann.

Leðju var hringdælt í holunni í um 6 klst. til að kæla hana nægilega og hreinsa fyrir upptekt. Að upptekt lokinni var mældur hiti og vídd ásamt jarðlagamælingum (viðnám NN og gamma). Mælt var í opinni holu sem var full af leðju. Efsta stöngin var með þéttingu (poorboy) og mælivír þræddur í gegn. Með þessu móti var tryggt að hægt væri að loka að holunni ef þörf væri á. Rúmmál fyrir fóðringarsteypingu var reiknað út frá víddarmælingu og reyndist vera 36,2 m<sup>3</sup>.

Mælingum lauk skömmu eftir miðnætti aðfaranótt miðvikudagsins 19. september. Eftir það var undirbúið að koma fóðringu niður. Hún var komin í botn laust fyrir kl. 17:00 sama dag. Fóðringin náði botni á 787 m sem bendir til lítilsháttar botnfalls og var hún hífð upp um um hálfan metra þannig að fóðringarendi nam við 786,5 m frá drifborði. Eftir að fóðring var komin í holu var hafist handa við að setja niður stangir og tengja í



stungustykki. Þá var leðja blönduð og var henni hringdælt á meðan steyping var undirbúinn. Vegna þess að æðin á 497 m var líklega ekki alveg þétt (sbr. lítilsháttar skoltap) var beðið með að skipta yfir í vatn til að kæla holuna fyrir steypingu þar til undirbúningi væri að mestu lokið. Þetta var gert til að lágmarka þann tíma sem aðeins vatn væri í holunni og minnka þannig líkurnar á að æðin gæti orðið til vandræða.



Mynd 9. Hitamælt eftir upptekt borstrengs.


Á fundi sem haldinn var á borstað kvöldið fyrir steypingu var ákveðið tvennt. Í fyrsta lagi að steypa ekki í myrkri og fresta framkvæmd því fram til morguns. Í öðru lagi að skola leðju úr holunni um það bil þremur tímum fyrir steypingu, hreinsa síðan holuna með sóta, skola á eftir með vatni og kæla. Þetta gekk allt eftir skolonin hófst um kl. 5 aðfaranótt föstudagsins 21. september. Notaðir voru 7 þokar að sóta við þvottinn. Áætluð steyping dróst aftur á móti fram yfir hádegi vegna ýmissa undurbúningsþátta sem skoða þurfti í þaula. Mesta töfin varð þegar vatn hætti að berast að bornum um kl. 11. Valdri menn fóru á valda staði og komu öllu í lag á innan við klukkustund. Á þessum tíma hafði holan náð að hitna og var hún skoluð og kæld fram að steypingu kl. 14:02. Fyrir steypingu var kannað hvort æðin í 500 m væri opin og var dælt á holutopp þar til þrýstingur var kominn í rúmlega 5 bar og tók hún aðeins við 3 l/s. Þar af leiðandi var holan metin nánast þétt við þessar aðstæður, en búast mátti við að hún opnaðist á ný þegar þungi steypusúlunnar legðist á lekasvæðið.

Klukkan 14:02 fór steypueðjan að renna niður og var blandað við hana míkaflogum í þeim tilgangi að þetta lekann í holunni. Haldið var að holutoppi þannig að þrýstingur þar var um 3 bar og eðlisþyngdin á eðjunni hélst mestan tímann yfir 1,6 g/cm<sup>3</sup>. Þegar steyping hafði staðið yfir í rúma hálfu klukkustund fór að bera á stíflu frá sementssílói yfir í mixara og að endingu varð að rífa í sundur leiðsluna og tilheyrandi búnað. Aðdragandinn varð á þá lund að slanga frá sílóinu losnaði af og mikill sementsstrókur stóð upp í loftið og skreytti alla viðstadda, en þó mismikið. Töfin í steypingunni var í um 20 mínútur en röskar hendur komu öllu í samt lag aftur og haldið var áfram að steypa. Fyrir töfina voru komnir niður um 26 m<sup>3</sup>. Eftir rúma klukkustund fór að koma óreglulega upp úr holunni og þegar 45 m<sup>3</sup> voru komnir niður sást perlusteinn í fyrsta skipti í frárennslinu. Klukkan 15:30 hætti alvega að koma upp. Afköst á dælu voru þá rúmlega 24 l/s. Dælt var þannig í 10 mínútur en þá tekin ákvörðun um að hætta steypingu í gegnum stangir og steypa ofan frá í gegnum kæfingarstút milli fóðringa. Þá voru komnir 66 m<sup>3</sup> í holuna. Um 25 mínútur tók að dæla allri steypu úr stöngum niður í gegnum stungustykki, losa stengur frá stungustykki og tengja slöngur við kæfingarstút. Þannig var steyping ofan frá komin af stað kl. 16:05. Til að byrja með eða fyrstu 20 mínúturnar var mótþrýstingur 8-10 bar við 8-12 l/s dæluafköst, en þá voru komin niður um 10 m<sup>3</sup>. Eftir það gekk dælingin nánast mótþrýstingslaust við svipuð afköst og áður. Steypuaðgerðinni lauk kl. 16:45 eftir að um 21 m<sup>3</sup> var kominn niður um kæfingarstút, míkablandaður og með eðlisþyngdina 1,62 g/cm<sup>3</sup>.

Alls var þá búið að dæla niður 87 m<sup>3</sup> af sementeðju og steypuborð einhvers staðar niðri í holu. Ákveðið var að halda áfram að dæla á holuna sementeðju eftir tvo og hálfan tíma og síðan aftur eftir tvo tíma ef hún væri ekki komin upp og þannig aftur og aftur þar til árangur aðgerðar væri ásættanlegur. Um kl. 20 var dælt niður 2,7 m<sup>3</sup> og hurfu þeir eins og allt þar á undan. Milli kl 23 og 24 fóru 2,4 m<sup>3</sup> og fylltist holan við það. Líklega fór um 1 m<sup>3</sup> fram hjá en um 1,5 nýttust til að fylla hana. Eðlisþyngdin var 1,67 g/cm<sup>3</sup> í fyrri steypingunni en 1,65 í þeirri seinni. Steypan seig ekkert og var þar með lokið steypingu vinnslufóðringar á farsælan hátt að því best er vitað. Yfirlit yfir steypinguna er sýnt í fóðrunarskýrslu í töflu 3 og á mynd 10.

Mælingamenn ROS mættu með tæki sín milli kl. 18 og 19 eftir að steypingu lauk. Þeir hitamældu og 0-stilltu CBL-própuna áður en endanleg mæling væri gerð á steypugæðum þegar hörðnun væri orðin viðunandi. CBL-própan fór niður á um 730 m dýpi og hitamælirinn um 10 m neðar. Þannig að eitthvað steypuhröngl var í holunni. Hörðnunartími steypu var óvenju langur. Miðað við niðurstöður CBL-mælinga var ekki ráðlegt að skera ofan af fóðringu fyrir en að morgni mánudagsins 24. september. Milli kl 20 og 21 var búið að koma þensluslíf fyrir og í framhaldi af því voru holulokar fyrir næsta áfanga settir á. Aðfaranótt þriðjudagsins var sett niður 8 ½" króna til að hreinsa fóðringuna niður að fóðringarskó. Komið var niður á steypu á 724 m dýpi og hætt á 785 m eða 1 metra fyrir ofan skó. Eftir skolun voru öryggislokar prófaðir og reyndust þeir vera í lagi. Í upptektinni voru álagsstangir skoðaðar með sprunguleitartækjum. Öðrum áfanga var formlega lokið kl. 22 á 36. verkdegi, þegar G-2 gýrómælingu lauk innan í vinnslufóðringar (tafla 4).







**Mynd 10.** Yfirlit yfir steypingu vinnslufóðringar.

Niðurstöður gýrómælinganna voru á þá lund að halli holunnar (mynd 11) byggðist jafnt og þétt upp og stefnan var einnig nokkuð stöðug (mynd 12). Holan tók smávægilegar stefnubreytingar frá skó öryggisfóðringar og niður í um 400 metra. Efstu 300 metramir eru lóðréttir en á 300 metra dýpi mældist stefnan 12°. Síðan breyttist hún hægt og rólega austur fyrir norður og í 350 m var hún kominn í 240°. Í 400 m var stefnan 217° og á næstu 50 metrum færðist hún að 205°. Á 600 metra dýpi mældist stefnan 203° og breyttist nánast ekkert eftir það. Holubotn var kominn 137 m frá holutoppi í stefnu nálægt 202°.

Vinna við 2. áfanga hófst þegar lokið var við að sjóða flans á holutoppinn og ganga frá öryggislokum 9. september 2001. Formlega lauk öðrum áfanga svo 25. september eftir samfellda gýrómælingu innan vinnslufóðringar á 36. verkdegi.



Mynd 11. Uppbygging halla HE-4 innan vinnslufóðringar.



Mynd 12. Stefna holu HE-4 innan vinnslufóðringar.



**Tafla 3. Fóðrun með 9 5/8" fóðringu og steyping (fóðrunarskýrsla JB).**

 <b>JARÐBORANIR HF</b> SKIPHOLTI 50D - 105 REYKJAVÍK	FÓÐRUNARSKÝRSLA		Eyðublað nr. 68-051

Verk nr.	Hola nr.	Borstaður	Bor	Verkkaupi
42679	HE - 4	Hellisheiði	Jötunn	Orkuveita Reykjavíkur
Vídd holu	Dýpt holu mv. drifborð	Fóðring nr.	Fóðrun framkv. dags.	Utfyllt af:
12 1/4"	789	3	19.09.01	K.S. Ó.G.

Holudýpi frá flangsi				781.74 m	Fóðringard. frá fl.	779 m	Röratalning			
FÓÐRING	Gerð	K - 55	Þyngd	47 lbs/ft	LENGD NR MS ALLS m					
	Utanmál	9 5/8"	Innamál	220.5 mm						
	Veggþykkt	12 mm	Pöntunar nr.							
	Tengi	Skrúfuð AMS en stutt breytirör við og á milli skó og flotkolla			3.81	1		3.81		
	Flangs	Rörin eru í pensluslíf við 12" X 900 holuflangs.			13.60	2		17.41		
	Stungutengi	Float collar			13.45	3	x	30.86		
	Skór	Float shoe			13.51	4		44.37		
	Miðjustillar	21	stk	Steyputappar	13.10	5		57.47		
STEYPI	Steypa 1 þurrefni	67.300	kg	Tafefni	135	kg	13.40	7		84.27
	Eðlisþyngd	1.62	kg/l	Steypingartími	73	mín	13.35	8		97.62
	Steyputæki	Halliburton mixari og dæla			13.50	9	x	111.12		
	Steypa kom upp	Nei	Eðlisþyngd steypu upp	kg/l	12.90	10		124.02		
	Eftirdæling	7,000	ltr	Eftirdæling	6	mín	13.25	11		137.27
	Steypa 2 þurrefni	22.000	kg		13.38	12	x	150.65		
FRÁGANGUR	Dýpi á steypu utan röra	200	m	Steypt utan með eftir	0.5	klst	13.43	13		164.08
	Steypa þurrefni	6,200	kg	Skorið ofan af eftir	73	klst	13.58	14		177.66
	Dýpi á steypu í röri	724	m	Steypa boruð eftir	89	klst	13.25	15	x	190.91
					12.97	16		203.88		
				13.40	17		217.28			
				13.30	18	x	230.58			
				13.35	19		243.93			
				13.30	20		257.23			
				13.52	21	x	270.75			
				12.89	22		283.64			
				13.42	23		297.06			
				13.47	24	x	310.53			
				13.40	25		323.93			
				13.41	26		337.34			
				13.43	27	x	350.77			
				12.93	28		363.70			
				13.47	29		377.17			
<b>ATHUGASEMDIR</b>										
Fyrst var steyp á heðbundin máta nema haldið var 3-5 bara þrýsting á killline þar										
til perlusteinn fór að sjást vegna gas inn streymis í ca 500m. Steypa kom ekki upp en var										
örugglega á milli fóðringa. Steypu 2 var dælt á killain 20 mín síðar 22.000 kg og										
hún seig talsvert niður. 3 Steypu 1.000 kg dælt á killline 0,5 klst síðar.										
Steypu 4 dælt á killline 2.700 kg 3 klst síðar. Steypu 5 dælt á killline 2.400 kg										
3 klst síðar og nú fyllist fóðring og steypa sigur ekki.										



Verk nr. 42679	Hola nr. HE - 4	Borstaður Hellisheiði	Fóðring nr. 3	Blaðsíða nr. 2
-------------------	--------------------	--------------------------	------------------	-------------------

RÖRATALNING				RÖRATALNING				RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m
13.58	30	x	390.75	11.47	61	x	772.63				
11.89	31		402.64	5.88	62	x	778.51				
13.36	32		416.00	0.45	Skór		778.96				
13.35	33	x	429.35								
11.92	34		441.27								
13.26	35		454.53								
12.69	36	x	467.22								
12.78	37		480.00								
13.38	38		493.38								
13.72	39	x	507.10								
13.40	40		520.50								
13.38	41		533.88								
13.43	42	x	547.31								
13.40	43		560.71								
12.70	44		573.41								
12.70	45	x	586.11								
13.30	46		599.41								
13.42	47		612.83								
11.70	48	x	624.53								
11.48	49		636.01								
11.70	50		647.71								
11.70	51	x	659.41								
11.88	52		671.29								
13.45	53		684.74								
13.48	54	x	698.22								
13.48	55		711.70								
12.58	56		724.28								
12.60	57	x	736.88								
11.70	58		748.58								
5.88	59		754.46								
0.80	Kolli		755.26								
5.90	60		761.16								

**Tafla 4.** G-2 halla- og stefnumælingar innan fóðringar.

Bordýpi (m)	Halli (°)	Stefna (°)	Raundýpi (m)	Hliðrun til N eða S	Hliðrun til V	Hliðrun frá toppi (m)	“Dogleg”
50	0	0	50	0	0	0	0
70	0,36	263,37	70	0,01 S	0,06 V	0,04	0,54
80	0,26	300,11	80	0,00 N	0,11 V	0,05	0,65
100	0,68	356,77	100	0,14 N	0,16 V	-0,05	0,87
120	0,65	350,94	120	0,37 N	0,18 V	-0,24	0,11
130	0,66	344,23	130	0,48 N	0,21 V	-0,33	0,23
140	0,71	343	140	0,60 N	0,24 V	-0,41	0,16
150	0,78	345,96	150	0,72 N	0,28 V	-0,51	0,24
160	0,85	354,83	159,99	0,86 N	0,30 V	-0,62	0,43
170	0,85	348,08	169,99	1,01 N	0,32 V	-0,74	0,3
180	1,03	354,79	179,99	1,17 N	0,35 V	-0,87	0,63
190	1,31	359,82	189,99	1,38 N	0,35 V	-1,05	0,89
200	1,41	359,74	199,99	1,61 N	0,35 V	-1,26	0,3
210	1,51	1,84	209,98	1,87 N	0,35 V	-1,48	0,34
220	1,42	359,71	219,98	2,12 N	0,35 V	-1,71	0,32
230	1,57	356,72	229,98	2,38 N	0,36 V	-1,94	0,51
240	1,52	356,8	239,97	2,65 N	0,37 V	-2,17	0,15
250	1,69	359,17	249,97	2,93 N	0,38 V	-2,41	0,55
260	1,57	0,94	259,97	3,22 N	0,38 V	-2,66	0,39
270	1,71	8,52	269,96	3,50 N	0,36 V	-2,92	0,77
280	1,79	14,05	279,96	3,80 N	0,30 V	-3,22	0,56
290	1,82	13,01	289,95	4,11 N	0,22 V	-3,52	0,13
300	1,8	12,87	299,95	4,42 N	0,15 V	-3,83	0,06
310	1,25	358,47	309,94	4,68 N	0,12 V	-4,07	2
320	1,13	298,65	319,94	4,83 N	0,21 V	-4,17	3,57
330	2,14	264,17	329,94	4,86 N	0,48 V	-4,07	4,1
340	3,28	249,53	339,93	4,74 N	0,94 V	-3,75	3,97
350	3,86	240,52	349,91	4,48 N	1,50 V	-3,25	2,42
360	4,72	233,21	359,88	4,07 N	2,12 V	-2,59	3,05
370	5,73	227,99	369,84	3,48 N	2,82 V	-1,75	3,35
380	6,4	224,73	379,78	2,75 N	3,58 V	-0,75	2,26



390	7,19	219,25	389,71	1,87 N	4,37 V	0,4	3,06
400	7,88	217,34	399,62	0,84 N	5,18 V	1,69	2,2
410	8,39	213,36	409,52	0,31 S	6,00 V	3,09	2,28
420	8,86	211,35	419,41	1,58 S	6,80 V	4,59	1,67
430	8,95	207,35	429,29	2,93 S	7,56 V	6,13	1,88
440	9,48	206	439,16	4,36 S	8,28 V	7,73	1,72
450	10,63	205,05	449,01	5,93 S	9,03 V	9,48	3,49
460	11,98	204,25	458,81	7,72 S	9,85 V	11,43	4,08
470	13,4	203,88	468,57	9,72 S	10,74 V	13,63	4,27
480	14,51	203,84	478,27	11,93 S	11,72 V	16,03	3,33
500	14,5	205,22	497,64	16,48 S	13,80 V	21,03	0,52
520	15,23	206,05	516,97	21,11 S	16,02 V	26,16	1,14
530	15,75	206,09	526,6	23,51 S	17,19 V	28,83	1,56
540	16,69	205,9	536,21	26,02 S	18,41 V	31,62	2,82
550	18,06	205,43	545,75	28,71 S	19,71 V	34,6	4,13
560	19,47	205,2	555,22	31,62 S	21,08 V	37,81	4,24
570	21,05	205,46	564,6	34,75 S	22,56 V	41,27	4,75
580	22,43	205,13	573,89	38,10 S	24,14 V	44,97	4,16
590	23,71	204,51	583,09	41,65 S	25,79 V	48,89	3,91
600	24,94	203,82	592,2	45,41 S	27,47 V	53	3,79
610	26,16	202,96	601,22	49,37 S	29,18 V	57,29	3,83
620	26,96	202,76	610,17	53,49 S	30,92 V	61,75	2,41
630	27,78	202,66	619,05	57,73 S	32,70 V	66,32	2,46
651,18	29,93	202,12	637,6	67,18 S	36,59 V	76,5	3,07
670	31,75	201,8	653,75	76,13 S	40,19 V	86,09	2,91
680	32,84	202,2	662,21	81,09 S	42,19 V	91,4	3,33
690	33,81	202,28	670,56	86,17 S	44,27 V	96,87	2,91
700	34,85	202,16	678,82	91,39 S	46,40 V	102,48	3,13
710	35,41	202,15	687	96,72 S	48,57 V	108,2	1,68
720	35,6	202,11	695,14	102,10 S	50,76 V	113,98	0,57
730	35,63	202,06	703,27	107,50 S	52,95 V	119,77	0,13
740	35,79	201,97	711,39	112,91 S	55,14 V	125,58	0,51
760	35,36	201,93	727,66	123,70 S	59,49 V	137,15	0,65

### 3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

#### 3.1. Jarðlög og ummyndun

Svarfsýni voru tekin á tveggja metra fresti eins og venja er við boranir. Sýnin voru greind samhliða borun, bæði berggerð og ummyndun. Á mynd 13 eru sýnd jarðlög holunnar frá yfirborði og niður á 789 m dýpi ásamt vísbendingum um ummyndun bergsins, vatnsæðar, borhraða og skolvatnsgögnum. Ennfremur er sýnt á mynd 14 jarðlagasnið samhliða jarðlagamælingum, víddarmælingu og borhraða.

Þegar komið var niður úr fórdingu var farið í gegnum gegnum glerríkt basalt og síðan basaltríka breksíu en jarðlög í þessum hluta eru sem hér segir:

*310-314 m dýpi.* Glerríkt basalt nokkuð frauðkennt, líklega neðri hluti basaltbreksíu fyrir ofan. All nokkuð sést af fersku gleri. Pýrít og kalsít sjást ásamt leir.

*314-329 m dýpi.* Basaltbreksía er hér ráðandi en nokkuð túffblönduð.

*329-356 m dýpi.* Ljósgrænt til grænt túff með dreif af basaltmolum í. Í efri hlutanum má sjá glitta í ferskt gler en það hverfur er neðar dregur. Kalsít og zeólítar (stilbít og heulandít) sjást í túffinu og neðst sést í pýrít.

*356-358 m dýpi.* Þunnt lag af blöðróttu fínkorna basalti.

*358-384 m dýpi.* Grænt túff með basaltbrotum í. Zeólítar og kalsít eru áberandi ummyndunarsteindir ásamt leir.

*384-390 m dýpi.* Blöðrótt kolummyndað ljóst basalt eða breksía. Meðal annars má sjá skólesít í blöðrum.

*390-414 m dýpi.* Ljósgrænt til grænt basalt. Kalsít zeólítar og smáir pýrít kristallar.

*414-444 m dýpi.* Mjög blöðrótt ummyndað ljósbrúnt basalt. Útfellingar nokkuð áberandi þá aðallega kalsít, zeólítar (skólesít) og smáir pýrít kristallar.

*444-528 m dýpi.* Mjög ummyndað ljóst túff og á 504 m má sjá basaltbrot. Ummyndunarsteindir eru nokkuð áberandi og eru kalsít, pýrít, kalsedon og zeólítar í aðalhlutverkum en frá og með 476 sjást kvars og wairakít. Í síðustu metrunum má jafnframt sjá laumontít.

*528-578 m dýpi.* Glerjað basalt og basaltbreksía eru ráðandi á þessum kafla. Efri hlutinn er plagióklasdílóttur og einnig sjást pýroxendílar öðru hvoru. Jafnframt sést í basalt sem talið er vera úr innskoti í neðri hlutanum án þess að vera ráðandi berggerð í sýnum. Ummyndun er nokkur og af ummyndunarsteindum eru kalsít, kvars og pýrít mest áberandi.

*578-598 m dýpi.* Ummyndað plagióklasdílótt og pýroxendílótt grænleitt túff. Ummyndunarsteindir eru kalsít, kvars, pýrít og prehnít.

*598-706 m dýpi.* Grænleitt túff er ráðandi berggerð og sjást í því pýroxendílótt. Basalt-dreif er áberandi frá 620-660 m og er talið að hugsanlega sé borað meðfram gangi. Af ummyndunarsteindum sjást kalsít, kvars, pýrít og wairakít.

706-712 m dýpi. Ummynduð basaltbreksía. Sama ummyndun auk þess sem prehnít sést.

712-728 m dýpi. Ummyndað fínkorna gráleitt basalt. Gæti verið plagíóklasdílótt.

728-780 m dýpi. Grænt ummyndað túff er ráðandi. Frá 750-756 m er basaltbreksía mjög blönduð túffinu. Helstu ummyndunarsteindir eru kalsít, kvars, pýrít, prehnít og wairakít. Ennfremur gætu verið zeólítar í neðri hlutanum, laumontít og steindir með skelplötugljáa.

780-786 m dýpi Ummynduð basaltbreksía. Þar sést epidót með vissu í fyrsta skipti í holunni.

786-789 m dýpi. Fersklegt fínkorna basaltinnskot.


### 3.2. Vatnsæðar og hiti

Ekki varð vart við neina leka í holunni fyrir en komið var niður í 497 m dýpi en þá tapaðist allt skol. Leðja var þá í holunni en eftir að henni hafði að hluta til verið skolað upp lifnaði yfir æðinni og hún tók að flæða inn í holuna. Í ljós kom að yfirþrýstingur var á þessum stað sem nam rúmlega 1 bar umfram vatnssúlu eða sem samsvaraði um 51 bar þrýstingi í æðinni. Í nifteindarmælingu sést toppur á móts við staðinn, en einungis túff sást í svarfinu bæði fyrir ofan og neðan. Ekki er ólíklegt að þunnt innskot skeri túffið á móts við staðinn er æðin kom fram í 497 m dýpi. Ummyndunarsteindirnar wairakít og kvars sýna að hiti er kominn yfir 200°C. Suðuprýstingur við 51 bar er hins vegar rúmlega 260°C.

Vísbending um æð sést í hitamælingum á 570-580 m dýpi en þar varð jafnframt vart við skoltap. Æðin virðist vera við innskot sem kemur inn í basaltbreksíu á þessu dýpi.

Vísbendingar um smáæðar sáust frá 670 m og þar fyrir neðan samkvæmt hitamælingum. Epidót sást á 780 m dýpi, sem gefur til kynna hita nálægt 250°C.






Staður: Hellisheiði  
Holunafn: HE-4

Bor: Jötunn  
Dýptarbil: 305 - 789 m

Skolvökvi: Leðja  
Verkhluti: 2. áfangi


Staðarnúmer: 95104  
Starfsmenn: ÁsG/BR/BG/HF



Mynd 13. Jarðlög, borhraði og mælingar á skoli í borun.



Staður: Helliðsheiði Bor: Jötunn Skolvökvi: Leðja Verknúmer: 8-630-024  
 Holunafn: HE-4 Dýptarbil: 305-820 m Verkhúti: 2. áfangi Starfsmenn: ÁsG/BR/BG/HF



Mynd 14. Jarðlög og jarðlagamælingar.

#### 4. BORHOLUMÆLINGAR

Í töflu 5 eru raktar þær mælingar sem gerðar voru í 2. áfanga boruna HE-4. Þeim er unnt að skipta í fjóra hluta:

1. Aðstoð við mælingamenn frá Sperry-Sun við gýrohalla mælingar í borun.
2. Hitamælingar í borstreng og opinni holu til að kortleggja vatnsæðar og mæla upphitunarhraða í holunni.
3. Jarðlagamælingar í opinni holu til að fá upplýsingar um berglög sem holan sker.
4. Hita- og CBL-mælingar eftir steypingu vinnslufóðringar, til að kanna gæði steypu handan fóðringar.

Niðurstöður gýromælinga (SRO) sem framkvæmdar voru meðan áfanginn var boraður eru birtar í töflu 2. Auk þess eru allar mælingar sem gerðar voru með MWD birtar í viðauka 3.

Allmargar hitamælingar voru gerðar í þessum áfanga og eru þær sem gerðar voru áður en fóðring var steyppt sýndar á myndum 6, 8 og 9. Fyrstu hitamælingarnar voru framkvæmdar þann 12. september kl. 13:32, í borstöngum til að meta upphitun, en á um 496 m dýpi kom fram yfirþrýst æð og stóð til að steypa í hana. Upphitun var metin um 18–20°C/klst á 470 m dýpi, en þar var hún heitust. Undir miðnætti (12.09), eftir að steyppt hafði verið í æðina, var hitamælt aftur niður á 433 m dýpi (stangarendi var á 436 m dýpi) og reyndist upphitun þá vera um 2,5°C/klst á 430 m dýpi, sem benti til þess að tekist hefði að loka fyrir æðina, enda var ekkert tap þá í holunni.


Næst var hitamælt í holunni þann 15. september (mynd 8), eftir að borstrengur sem notaður var til að bora út seinni æðasteypuna hafði verið tekinn upp. Bordýpi var þá 529 m. Ekkert tap var í holunni og kom steypukaflinn greinilega fram í hitamælingunni, en fyrir neðan steypuna hitnaði síðan hraðar í holunni. Upphitun á 525 m dýpi reyndist vera um 6 °C/klst og svipuð í neðstu 100 m, en minni þar fyrir ofan. Hitamælt var aftur þann 17.09, þegar bordýpi var 695 m (mynd 9), en þá var borstrengur tekinn upp til að hreinsa leðju af borkrónu þar sem borun var farin að ganga hægar. Eins og í mælingunum á undan hækkaði hitinn verulega milli 510 m og 520 m dýpis, en var síðan nokkuð jafn niður á 680 m þar sem hann byrjar aftur að hækka. Upphitun var metin um 12°C/klst á 690 m og um 3,5°C/klst á 520 m, en erfitt er að meta upphitunina þegar leðja er í holunni þar sem hún sest að nemanum og viðbragð hans getur orðið mjög hægt vegna einangrunar.

Næst var mætt til mælinga eftir að borun áfangans var lokið í 789 m og borstrengur kominn upp. Byrjað var á hitamælingu, síðan var náttúruleg gammageislun og nifteindir mældar, því næst holuvídd og að lokum viðnám, og eru allar þessar mælingar sýndar á myndum 14 og 15. Hitamælingin sýndi svipaða hegðun og fyrri hitamælingar, nokkuð jafn hiti niður að ~510 m, þar hækkar hann töluvert, en síðan hægar neðan ~560 m dýpi þar sem hitinn var um 75°C, og er nálægt 100°C í botni. Því var ljóst að hiti kæmi ekki í veg fyrir að hægt yrði að mæla jarðlög langleiðina til botns. Víddin var mæld með XY-mæli, en einhverjar truflanir eru á X-armi hans og því ekki hægt að nota hann til túlkunar. Mælingin sýndi að lítið er um verulega skápa í holunni, á ~416 m, ~469 m og ~507 m eykst útslagið um ~10 cm, og í heildina er holan víðari frá fóðringarenda niður á um 570 m dýpi en þar fyrir neðan er holan mjög slétt (~335 mm, eða rúmlega 13”).



**Tafla 5. Yfirlit um borholumælingar.**

Dags.	Tímí	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
10. sep. 2001	03:05-03:30	Gýró	273	Holustefna	-	Stefna 331.8°; Halli 2.05°
10. sep. 2001	15:00-15:30	Gýró	360	Holustefna	-	Stefna 228.4°; Halli 5.12°
10. sep. 2001	23:40-00:05	Gýró	447	Holustefna	-	Stefna 204.3°; Halli = 10.1°
12. sep. 2001	13:32-13:54	Hiti	0-494	Hiti	H200109121332	Q=0 l/s, í stöngum
12. sep. 2001	13:32-14:26	Hiti	468.8	Upphitun	-	Q=0 l/s, í stöngum
12. sep. 2001	14:28-14:47	Hiti	494-5	Hiti	H200109121428	Q=0 l/s, í stöngum
12. sep. 2001	23:19-23:33	Hiti	0-433	Hiti	H200109122319	Q=0 l/s, í stöngum
12. sep. 2001	23:34-23:49	Hiti	430	Upphitun	-	Q=0 l/s, í stöngum
12. sep. 2001	23:50-00:05	Hiti	433-0	Hiti	H200109122350	Q=0 l/s, í stöngum
15. sep. 2001	05:21-05:41	Hiti	10-529	Æðar	H200109150521	Q=0 l/s, í opinni holu
15. sep. 2001	05:42-06:02	Hiti	525	Upphitun	T200109150541	Q=0 l/s, í opinni holu
15. sep. 2001	06:04-06:23	Hiti	525-5	Æðar	H200109150604	Q=0 l/s, í opinni holu
16. sep. 2001	02:45-03:25	Gýró	543	Holustefna		Stefna 213.7°; Halli 17.03°
16. sep. 2001	17:20-18:00	Gýró	639	Holustefna		Stefna 201.8°; Halli 28.68°
17. sep. 2001	03:45-04:09	Hiti	0-695	Æðar	H200109170345	Q=0 l/s, í opinni holu
17. sep. 2001	04:10-04:37	Hiti	680	Upphitun	T200109170410	Q=0 l/s, í opinni holu
17. sep. 2001	04:37-05:15	Hiti	680-10	Upphitun	H200109170437	Q=0 l/s, í opinni holu
18. sep. 2001	18:20-18:47	Hiti	20-789	Æðar	H200109181820	Q < l/s, í opinni holu
18. sep. 2001	19:40-20:32	Nifteindir	780-280	Jarðlög	N200109181940	
18. sep. 2001	19:40-20:32	Gamma	780-280	Jarðlög	G200109181940	
18. sep. 2001	21:20-21:57	XY-vídd	760-250	Holuvídd	X/Y200109182120	
18. sep. 2001	22:07-22:27	XY-vídd	550-10	Holuvídd	X/Y200109182207	Til að athuga X-arm
18. sep. 2001	23:20-23:37	Viðnám	789-300	Jarðlög	S/L200109182320	SP var í metnun.
21. sep. 2001	19:56-20:22	Hiti	5-759	Upphitun	H200109211956	Steypingu lauk um kl. 17
21. sep. 2001	21:15-22:57	CBL	222-730	Steypubinding	B200109212115	Prófun á videologger
21. sep. 2001	22:58-23:37	CBL	724-10	Steypubinding	B200109212258	Viðmiðunarmæling
22. sep. 2001	10:53-11:19	Hiti	11-740	Upphitun	H200109221053	Fóðring fyllt af vatni
22. sep. 2001	11:43-12:04	CBL	150-721	Steypubinding	B200109221143	Mælt hratt neðan 430 m
22. sep. 2001	12:04-12:37	CBL	721-2	Steypubinding	B200109221204	Truflun af cal-merki
22. sep. 2001	21:49-22:13	Hiti	15-725	Upphitun	H200109222149	
22. sep. 2001	22:31-22:51	CBL	20-618	Steypubinding	B200109222231	Mælt hratt neðan 400 m
22. sep. 2001	22:51-23:16	CBL	618-5	Steypubinding	B200109222251	Mæling skemmd upp í 464
23. sep. 2001	13:32-13:50	Hiti	21-570	Upphitun	H200109231332	
23. sep. 2001	14:26-14:42	CBL	20-420	Steypubinding	B200109231426	
23. sep. 2001	14:42-15:04	CBL	420-3	Steypubinding	B200109231442	
24. sep. 2001	10:28-10:40	Hiti	20-410	Upphitun	H200109241028	
24. sep. 2001	11:05-11:21	CBL	20-405	Steypubinding	B200109241105	
24. sep. 2001	11:21-11:46	CBL	406-4	Steypubinding	B200109241121	



Mynd 15. Jarðlagamælingar (viðnám er sýnt með línulegum skala).



Reiknað steypumagn skv. Y-armi reyndist vera um  $36 \text{ m}^3$  í holunni, en til að steypa upp að 500 m dýpi þurfti um  $12,7 \text{ m}^3$ . Nifteinda-, gamma- og viðnámsmælingarnar sýna jarðlagaskipan í holunni, en í þeim er helst áberandi toppar í nifteinda- og viðnámsmælingunum, auk þess sem steypan sem fór inn í æðar kringum 500 m dýpi er greinileg á sjálfspennumælingunni (SP). Túlkun þessara mælinga bíður lokaskýrslu.


Síðasta mælingasýrpan sem gerð var í holunni var til að meta steypubindingu  $9\frac{5}{8}$ " fóðringar. Fóðringin var steyppt 21. september og var að mestu lokið um kl. 17. Steypingunni er lýst betur í kaflanum um borsöguna, en steypa varð bæði á hefðbundinn hátt og ofan frá. Síðasti steypuslurkurinn var settur milli fóðringa rétt um miðnætti. Mælingar byrjuðu skömmu eftir að borstangir voru komnar úr holu, til að fá viðmiðunarmerki í blautri steypu svo hægt væri að meta bindinguna betur. Einnig var verið að prófa nýtt tæki sem getur skráð allt bylgjurófið frá CBL-mælinum. Byrjað var á að hitamæla holuna og síðan var steypubinding (CBL) mæld. Þær hitamælingar sem gerðar voru í tengslum við CBL-mælingarnar eru sýndar á mynd 16, en þróun steypubindingar er sýnd á mynd 17. Hitamælingarnar á mynd 16 sýna hvernig holan hitnaði eftir steypinguna. Fyrstu þrjár mælingarnar sýna hitnun milli  $13\frac{3}{8}$ " og  $9\frac{5}{8}$ " fóðringarinnar, en síðustu tvær kólnun. Ástæðan getur verið að hitnunin frá efnahvörfum í steypunni meðan hún er að taka sig dugar þá ekki lengur til að hita umhverfið en það er verulega kælt af boruninni. Dýpra hitnar holan nær stöðugt, en þar eru það helst kælipunktarnir við vatnsæðar sem eru áberandi. Þannig koma æðarnar kringum 500 m skýrt fram og vísbendingu um æð á rúmlega 570 m dýpi auk vísbendinga um smærri æðar (670 m) þar fyrir neðan.

